

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Flóahreppur
Margrét Sigurðardóttir
Þingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 3. mars 2008
Tilvísun: UST20080100105/ksj

Aðalskipulag fyrrum Villingaholtshrepps

Vísað er til erindis sveitastjóra Flóahrepps er barst þann 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Villingaholtshrepps 2006 - 2018. Fram kemur í inngangi að þetta er fyrsta aðalskipulag sem unnið er og nær til alls Villingaholtshrepps, einnig kemur fram að tilgangurinn er að sjá mismunandi starfsemi fyrir nægu landrými næstu 12 ár og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Heildarstærð skipulagssvæðis er 114 ferkilómetrar.

Greinargerð og umhverfisskýrsla er fylgir aðalskipulagi Villingaholtshrepps skiptist í A, B og C hluta. Í greinargerð er fjallað um kort og kortagrunna. Athygli vekur að kort af verndarsvæðum sýnir stærra umfjöllunarsvæði en önnur kort. Þar í kafla um tillögur að mótvægisgerðum er minnst á fjöruna og að komið verði á hverfisvernd á fjórum svæðum við fjöruna. Fjaran er fyrir utan þau sveitarfélagamörk er fram koma á sveitarfélagsupprætti. Hér verður fjallað um svæðið með þeim mörkum er sýnd eru á Fyrrum Villingaholtshreppur í Flóahreppi Aðalskipulag 2006 – 2018 sveitarfélagsupprættur.

Hluti - A Forsendur

Í upphafi greinargerðar með aðalskipulagstillögu er fjallað um náttúrufar og náttúruminjar og komið inná veðurfar og er veðrið á Eyrarbakka þar til umfjöllunar. Þar sem veðurathugunarstöð er við Þjórsárbrú ættu upplýsingar þaðan að nýtast umfjöllunarsvæðinu.

Sérstök vernd

Fram kemur á gróðurkorti að mestur hluti lands innan Villingaholtshrepps er votlendi. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er sérstök vernd á myrum og flóum, 3 hektarar að stærð eða stærri. En í lögunum segir:

„Eftirtaldar (jarðmyndanir og vistkerfi) njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun beirra eins og kostur er.

- a. *Eldvörp, gervigigar og eldhraun*
- b. *Stöðuvötn og tjarnir, 1.000m² að stærð eða stærri*
- c. *Mýrar og flóar, 3 hektarar eða stærri.....”*

Í bókinni íslensk votlendi verndun og nýting kemur fram að áætlað er að í byrjun síðustu aldar hafi votlendi á Suðurlandi þakið 1.100 ferkilómetra, en á láglendi Suðurlands voru áður

stærstu samfelldu votlendissvæði landsins og af þeim eru aðeins 3% óröskuð.

Umhverfisstofnun minnir á að í stefnumótun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, (Velferð til framtíðar: Áherslur 2006 - 2009), er eitt af markmiðum til verndar lífríkis Íslands að “*Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.*” Þar af leiðandi þarf að gæta vel að flóum og öðru votlendi í Villingaholtshreppi þegar að staðarvali fyrir framkvæmdir kemur.

Hvað dýralíf varðar kemur fram að fuglalíf er mikilvægast, og merkustu fuglasvæðin í Villingaholtshreppi eru votlendi. Einnig kemur fram að votlendi á svæðinu hafa þegar orðið fyrir mikilli röskun. Mikilvægustu votlendissvæðin fyrir fuglalíf eru Villingaholtsvatn, Hurðarbaksvatn, Egilsstaðatjörn og votlendi austan Villingaholts. Þetta eru svæðin sem skal forðast að raska eða skerða. Það kemur fram í umhverfisskýrslunni að tillaga er gerð um að þau verði hverfisverndarsvæði.

Hluti B - Samantekt

Fjallað er um tengsl aðalskipulagstillögunnar við Staðardagskrá. Í ljós kemur í texta að Villingaholtshreppur er ekki aðili að Staðardagskrá 21. Í þessum hluta samantektarinnar er texti óljós og erfitt að sjá tilgang umfjöllunarinnar.

Umhverfisskýrsla

Stefnumið fyrir íbúðarsvæði

Enginn þéttbýliskjarni er í dag í Villingaholtshreppi, en gert er ráð fyrir 6 nýjum svæðum fyrir íbúðarbyggð. Alls verða þá 8 svæði með íbúðarbyggð og eru þau öll svæði með blandaðri landnotkun íbúðarsvæði og landbúnaður. Áhrif þeirrar þróunar á náttúrufarslega þætti eru helst talin vera sjónræn áhrif á landslag. Fram kemur að svæði sem ætluð eru undir íbúðarbyggð eru í flestum tilfellum melar eða beitarland og stefnan er að land með verndargildi vegna náttúrufars skerðist sem minnst. Fjölgun íbúðarhúsalóða er áætluð um 120 – 137 lóðir og dreifast þau á 8 jarðir.

Virkjun

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir virkjun í Urriðafossi. Þegar skoðaður er samanburður á því að virkja Urriðafoss og núll kosti þ.e.að virkja ekki, er niðurstaðan sú að því fylgja fleiri ókostir að fara út í virkjun. Prátt fyrir það er niðurstaðan að stefnumótun um iðnaðarsvæði í aðalskipulaginu sem felur eingöngu í sér uppbyggingu Urriðafossvirkjunar muni fyrst og fremst koma til með að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu atvinnulífs í sveitarféluginu. Það er að mati Umhverfisstofnunar erfitt að sjá hvernig komist er að þessari niðurstöðu þar sem þjónusta við ferðamenn fer vaxandi í hreppnum. Því eins og fram kemur í greinargerðinni mun virkjunin hafa í för með sér breytingar eða eins og segir: “*Við fyrirhugaðar framkvæmdir verða óhjákvæmilega verulegar breytingar á ásýnd svæðisins í nágrenni Þjórsár. Um er að ræða skert rennsli Þjórsár neðan fyrirhugaðrar stíflu við Heiðartanga og þar með minna vatnsrennsli um Urriðafoss. Veruleg breyting verður á upplifun vegfarenda sem leið eiga um svæðið, sérstaklega að sumarlagi, þar sem verður vatnslitill farvegur í stað beljandi jökulfljóts. Ennfremur eru sjónræn áhrif vegna 12-13 m hárrar stíflu sem mun þvera Þjórsá við Heiðartang, auk framræsluskurðar meðfram stíflugarði, sem og vegna annarra mannvirkja.*” Einnig kemur fram að virkjunin mun hafa í för með sér rýrnun veiðihunninda og sjónræn áhrif stíflumannvirkja verða neikvæð. Auk þess munu 60 hektarar lands fara undir vatn sem hlýtur að vera neikvætt í hreppi þar sem landbúnaður er aðalatvinna. Umhverfisstofnun telur að auk þeirra mótvægisáðgerða gegn áhrifa virkjunarinnar sem koma fram í umhverfisskýrslu sé ástæða til að vinna að stefnumótun í þá átt að glæða aðrar náttúruupplifanir á svæðinu, t.d. að gera fuglaskoðun

aðgengilegri, auka göngustíga o.p.h. Slíkar ráðstafanir gætu komið í stað þeirra breytinga á upplifun ferðamanna á svæðinu sem fyrirséð er vegna virkjunarinnar og einnig hamlað gegn neikvæðum áhrifum á ferðamannaiðnað.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir 21 svæði fyrir frístundabyggð, þar af eru þriðjungur eða 7 bessara svæða nýr. Athuga skal að á uppdrætti skarast hverfisverndarsvæðið H1 og svæði fyrir frístundabyggð E4. Það samræmist ekki hverfisvernd að leyfa aðra landnotkun inná slíku svæði. Í C-hluta kemur fram að áætluð fjölgun frístundabyggðar er 244-259 frístundalóðir.

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnumörkun aðalskipulagstillögunnar að ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu frístundabyggða á svæðum er teljast hafa verndargildi, og önnur stefnumið sem sett eru varðandi uppbyggingu frístundabyggða.

Í heildarniðurstöðu matsins er talað um að aðalskipulagið marki þá stefnu að vernda sérstöðu sveitarfélagsins, sem er að vera byggð í miklum tengslum við náttúru og útvistarsvæði. Ekkert er minnst á áhrif mögulegrar Urriðafossvirkjunar og mótvægisáðgerðir vegna hennar í niðurstöðunum.

Í umfjöllun um mótvægisáðgerðir við auknu álagi vegna vaxandi íbúðabyggðar og frístundabyggðar kemur fram að stefnt er að aukinni verndun og eru taldir upp fjórir staðir sem gerð er tillaga um að fari undir hverfisvernd, eins og nefnt var hér að ofan. Þessir staðir eru: Tjarnir við Hamar og Sviðugarða (H1), Villingaholtsvatn (H2), Egilsstaðasandur og nágrenni(H3) og Hurðarbaksvatn. Allt eru þetta votlendi sem eru mikilvægir staðir fyrir fuglalíf. Umhverfisstofnun tekur undir þessa stefnu og hvetur sveitarfélagið til að taka frá fleiri óröskað eða lítt röskað votlendi. Um leið vill Umhverfisstofnun ítreka mikilvægi þess að vel sé gengið um votlendi og þeim ekki raskað að óþörfu eins og fram hefur komið í umfjöllun um sérstaka vernd hér að ofan, ekki síst á það um Villingaholtsvatn, en umhverfi þess hefur orðið fyrir töluverði röskun.

C hluti Skipulagsáætlun, - landnotkun og þróun byggðar

Í umhverfisskýrslu er fjallað um 11 efnistökusvæði en sýnd eru 9 efnistökusvæði á uppdrætti. Allar eru námurnar í vinnslu. Fyrirvari er gerður um þau 11 efnistökusvæði sem eru á listanum því framkvæmdaleyfi liggur í fæstum tilvikum fyrir. Umhverfisstofnun minnir á að í 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 sem ber nafnið *Heimild til efnistöku kveður á um framkvæmdaleyfisskyldu efnistöku og þar segir "Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbottini innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. (Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt aðalskipulag sem Umhverfisstofnun og viðkomandi náttúruverndarnefnd hefur gefið umsögn sína um, sbr. 33. gr. er óheimilt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir en að fenginni umsögn framangreindra aðila). Enn fremur gilda um efnistöku á landi og af eða úr hafsbottini innan netlaga ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998."* Þetta þýðir að þegar aðalskipulag hefur tekið gildi er það alfarið í höndum sveitastjórnna að halda utanum efnisnámur meðan þær eru innan þeirra stærðarmarka sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 viðauki 2. "Efnisnámur á landi eða úr hafsbottni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri."

Mikilvægt er að sveitastjórnir vinni náið eftir 48. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 en þar kemur fram að áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. grein laga um náttúruvernd skal liggja fyrir áætlun námurétthafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gera grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði. Einnig er mikilvægt að

námur sem merktar eru á skipulagsuppdrátt endurspegli efnisþörf vegna framkvæmda innan sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu og að frágangur efnistökusvæða að loknum vinnslutíma sé þannig að sem best falli að umhverfi og í samræmi við 49. gr. laga um náttúruvernd. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil minni háttar efnistaka til eigin nota án framkvæmdaleyfis viðkomandi sveitarstjórnar skv. 47. gr. 4 mgr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur ekki sjálfgefið að slík náma til eigin nota eigi erindi inná skipulagsuppdrátt.

Í kaflanum um landgræðslu og skógrækt er í upptalningu á sérgreindum markmiðum talað um landslagsgerðir sem njóti verndar skv. lögum um náttúruvernd. Umhverfisstofnun vill taka það fram að ekki er lengur talað um landslagsgerðir heldur jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun vill taka undir lið g. í sérgreindum markmiðum um skógrækt, því mikilvægt er að ekki sé farið í skógrækt varðar á svæðum með sérstaka vernd sjá nánar hér að ofan. Eitt af markmiðum í C-hluta er að efla starfsemi á sviði útvistar og ferðaþjónustu. Þar sem virkjun í Urriðafossi mun hafa áhrif á náttúruupplifun á svæðinu, samanber B-hluta, þá telur Umhverfisstofnun að þegar á aðalskipulagsstigi ætti að koma með stefnumarkandi mótvægisáðgerðir.


Í umfjöllun um göngustíga kemur fram að helsti göngustígurinn sé milli Orrustustaða og Hnauss. Erfitt er að koma auga á stígin á korti. Þar sem góðir göngustígar eru mjög eflandi hvað varðar útvist og náttúruupplifun bendir Umhverfisstofnun á að á korti er fylgir Svæðisskipulagi Flóa frá árinu 1992 er þessi sami göngustígar sýndur sem gömul þjóðleið og er sýndur miklu víðtækari og ná yfir lengri leið en gert er aðalskipulagstillöggunni. Þetta atriði væri vert að skoða betur.

Í mati á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar kemur fram að ræktað land sem hverfur undir lón eða haugsvæði verði bætt. Ekki kemur fram á uppdrætti hvaða svæði það munu vera sem fara undir vatn, né með hvaða hætti það verður bætt. Umhverfisstofnun telur að upplýsingar um þau áform ættu að koma fram í umhverfisskýrslunni.

Niðurstaða

Á svæði Villingaholtshrepps hins forna er mikið um votlendi sem er undir sérstakri vernd ef um er að ræða 3 hektara eða meira, því þarf að fara varlega í deiliskipulagsvinnu svo slíkt raskist ekki. Virkjun Urriðafoss mun hafa áhrif á feramannaiðnað því náttúruupplifun verður á annan veg eftir þær framkvæmdir. Mótvægisaðgerðir til að bæta upp fyrir þau áhrif þyrftu að vera inní skipulagsáætluninni. Gera þyrfti grein fyrir mótvægisaðgerðum vegna landbúnaðarsvæða er hverfa undir lón eða haugstæði.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri

Afrit Skipulagsstofnun